



## Skilmálar Þjóðskjalasafns Íslands vegna láns á skjölum og myndum af skjölum til sýninga

### Skilmálar:

1. Í upphafi skal vera ljóst hvað sýningin heitir, hvar hún verður og hve lengi hún stendur og hver sé ábyrgðaraðili sýningarinnar.
2. Beiðni um skjöl til útlána á sýningar skal að jafnaði hafa borist safninu a.m.k. 3 mánuðum fyrir opnun sýningar. Sé þörf á forvörslu skjala, eða ef um mikinn fjölda skjala er að ræða, getur þó tekið allt að 4 mánuði að ganga frá útláni. Sérfræðingur á varðveislu- og miðlunarsviði tekur að jafnaði ákvörðun um útlán frumskjala, í samráði við aðra sérfræðinga safnsins ef um skammtímalán er að ræða, þ.e. lán til 4 mánaða eða skemmri tíma. Ef um lengri lánstíma er að ræða mun þjóðskjalavörður taka ákvörðun um lán skjala. Einnig er það þjóðskjalavörður sem tekjur ákvörðun um lán á sérlega mikilvægum skjölum í vörslu safnsins. Beiðnum getur verið hafnað að hluta eða í heild. Sé láni á frumriti hafnað er að jafnaði boðið afrit í staðinn.
3. Ef um útlán á frumskjölum er að ræða skal sýningarhúsnæði og sýningarbúnaður lántaka uppfylla kröfur um öryggi, s. s. viðurkennt bruna- og þjófavarnakerfi. Í sýningarborðum skal vera öryggisgler t.d. P4A skv. staðlinum EN 356:1999 eða sambærilegt. Ef mála þarf sýningarborð skulu líða 6 vikur frá málun þar til skjölum er komið fyrir í þeim. Einnig þarf að uppfylla skilyrði sem sett eru um birtu, raka- og hitastig í andrúmslofti. Birtumagn þarf að takmarkast við 70 lux og raka- og hitastig á að vera 45+/-5 og hiti á bilinu 18°-20°C. Forvörður Þjóðskjalasafns gerir könnun á sýningarhúsnæði áður en ákvörðun er tekin um útlán.
4. Öll lán og meðferð skjala skal vera í samræmi við forvörslusljónarmið til að tryggja varðveislu þeirra. Starfsmenn Þjóðskjalasafns annast þökkun, flutning, uppsetningu og niðurtöku skjala á sýningarstað. Gera skal Þjóðskjalasafni viðvart ef ástand skjala eða sýningaraðstæður breytist á meðan á láni stendur. Lánþega er óheimilt að hreyfa á nokkurn hátt við skjölum sem hann hefur að láni og ber að hafa samband við forvörð Þjóðskjalasafns ef þörf er á að breyta uppsetningu skjala á sýningu.
5. Sýningaraðila er óheimilt að láta vinna stafrænar myndir frá Þjóðskjalasafni án samþykkis safnsins. Einnig er honum óheimilt að framselja öðrum skjöl eða afrit af þeim.
6. Láns skjala eða skjalamynda skal getið með skýrum hætti í kynningum og sýningarskrá. Hafi starfsmenn Þjóðskjalasafns aðstoðað við val á skjölum, unnið rannsóknarvinnu, skrifað skýringartexta eða veitt ráð er skal þess getið t.d. í sýningarskrá eða með sambærilegum hætti.



7. Við sérhvert lán skjala skal gerður lánssamningur sem með fylgir ástandsskýrsla þar sem tilgreint er ástand skjals og kröfur um aðstæður á sýningarstað. Í skýrslunni er kvittað fyrir skoðun gripa eftir komu á sýningarstað, fyrir flutninga til baka og við afhendingu til safnsins. Lánþegi og fulltrúi Þjóðskjalasafns kvitta fyrir afhendingu og móttöku bæði við útlán og skil.
8. Þjóðskjalasafn getur farið fram á tryggingar á frumskjölum vegna flutnings þeirra og vegna sýningarinnar sjálfrar.
9. Allur kostnaður greiðist af sýningaraðila skv. gjaldskrá ÞÍ. Þar með talinn kostnaður vegna rannsóknar, forvörslu, skönnunar skjala, flutnings þeirra, uppsetningar og niðurtöku að lokinni sýningu. Einnig greiðir sýningaraðili fyrir kostnað við eftirlit á meðan sýningartíma stendur. Sé Þjóðskjalasafn aðili sýningar er samið um kostnaðarþátttöku safnsins fyrirfram.
10. Um hvert skjalalán er gert skriflegt samkomulag byggt á þessum skilmálum, undirritað af báðum aðilum.
11. Við brot lánþega á reglum þessum eða við breyttar aðstæður á sýningarstað er Þjóðskjalasafni heimilt að afturkalla lán umsvifalaust. Skv. lögum opinber skjalasöfn (nr. 77/2014, 19. gr. 4.mgr.) ber sá sem fær skjal að láni ábyrgð á varðveislu þess og skilvísium skilum.

Samþykkt 16. október 2018.

Þjóðskjalavörður